

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Sjávareldi ehf

531011-1040

Til að starfrækja Land- og kvíældi að 200 tonnum

. Staðsetning 66°05'09N 23°06'02V Skutulsfirði

Heimilisfang:

Aðalstræti 24

400 Ísafjörður

Nafn rekstraraðila: Hallgrímur Kjartansson

Kennitala rekstraraðila:

Útgáfudagur: 2. desember 2011 Gildir til: 2. desember 2023

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Bolungarvík,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 8. 12 2011

Sjávareldi ehf
Hallgrímur Kjartansson
Aðalstræti 24
400 Ísafjörður

Starfsleyfi fyrir Land- og kvíaeldi

Á fundi sínum þann 2. desember 2011 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Sjávareldi ehf. . Staðsetning 66°05'09N 23°06'02V Skutulsfirði fyrir 200 tonn af þorski. Starfsleyfið gildir til 2. 12 2023. Fyrirtækið flokkast sem Land- og kvíaeldi. Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 22. febrúar 2010 nr. 204 er árlegt eftirlitsgjald 20900 miðað við eftirlitsheimsókn annaðhvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 8.360. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllst

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi